

FUNDARGERÐ

293. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF að Einhleypingi 1.
Miðvikudaginn 21. apríl 2021 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Skúli Björnsson (SB), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Bogi Kárason, verkefnisstjóri ljóstleiðara í dreifbýli Fdh. sat fundinn undir lið nr.2.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Enginn

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Að loknum aðalfundi
 - 2 Fljótsdalshérað ljóstengt
 - 3 Verkefni – yfirlit
 - 4 Smiðjusel – sala fasteignar
 - 5 Brúarás - kynding
 - 6 Verkefni á vettvangi Samorku
 - 7 Önnur mál
-

1 Að loknum aðalfundi

- a. Stjórn skiptir með sér verkum. Lögð fram tillaga um óbreytt störf stjórnarmanna, GJ formaður, ÁB varaformaður og JB ritari. Samþykkt samhljóða
- b. Rætt um vinnu við nýtt lógó og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
- c. Umræður í framhaldi af umræðum af aðalfundi um húshitunarkosti. Framkvæmdastjóra falið að vinna drög að tillögu um gerð könnunar á möguleikum til húshitunar í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins þar sem ekki er hitaveita í dag.
- d. Stefnt er að kynningu um varmadælur fyrir íbúa í byrjun júní.

Bogi Kárason mætir til fundarins.

2 Fljótsdalshérað ljóstengt

BK kynnti ítarlega stöðu verkefnis fyrir stjórn.

- a. Verkstaða er góð og vonir standa til að í sumar verði klárað að grafa áfanga eitt og tvö af þrem.
- b. Stofnkostnaður og uppfærð rekstraráætlun kynnt
- c. Rætt um verðskrá.

Bogi yfirgefur fundinn

3 Verkefni - yfirlit

- a. Fljótsdalshérað, farið yfir stöðu verkefna.
- b. Fráveita á Djúpavogi, verið að bíða eftir valkostagreiningu. Farið yfir stöðu verkefna.
- c. Seyðisfjörður. Farið yfir stöðu verkefna.
- d. Borgarfjörður Eystri. Farið yfir stöðu verkefna.

4 Smiðjusetl - sala fasteignar

Verkefni í vinnslu.

5 Brúarás - kynding

Lagt fram til kynningar minnisblað, formlegt erindi hefur ekki borist frá Múlaþingi.

6 Verkefni á vettvangi Samorku

Farið yfir störf á vettvangi Samorku en AP situr þar fyrir hönd HEF veitna.

7 Önnur mál

Önnur mál ekki

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 19:00.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2021

